

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/08

frá 17. mars 2004

um að heimila að tilskildar upplýsingar á umbúðum fódurjurtafræs séu skráðar með óafmáanlegu letri (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 819)

(2004/266/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

þar sem þetta fyrirkomulag hefur reynst vel ber að veita sambærilega heimild, með sömu skilyrðum, fyrir fódurjurtir.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræg og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB⁽²⁾, einkum síðasta málslið a-liðar í 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/309/EBE frá 2. júní 1987 um að heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á umbúðum ákveðinna fódurjurtafræja⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda ákvörðunina.
- 2) Yfirleitt er ekki heimilt að setja fódurjurtafræ á markað nema á umbúðunum sé opinber merkimiði í samræmi við ákvæði tilskipunar 66/401/EBE.
- 3) Samt sem áður má heimila að tilskildar upplýsingar séu prentaðar með óafmáanlegu letri á sjálfar umbúðirnar í samræmi við fyrirmyndina að merkimiðanum.
- 4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 80/755/EBE frá 17. júlí 1980 um að heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á sáðkornsumbúðum⁽⁵⁾, eins og henni var breytt með ákvörðun 81/109/EBE⁽⁶⁾, var, að því er varðar sáðkorn, heimilað að prenta tilskildar upplýsingar með óafmáanlegu letri á sjálfar umbúðirnar, í samræmi við fyrirmyndina að merkimiðanum, með tilteknum skilyrðum sem tryggðu að ábyrgðin hvíldi áfram á vottunaryfirvaldinu.

I. gr.

1. Aðildarríkjunum er hér með veitt heimild, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., til að kveða á um að tilskildar upplýsingar séu prentaðar, undir opinberu eftirliti, á umbúðir utan um fódurjurtafræ sem flokkast undir „stofnfræ“ og „vottað fræ“.

2. Eftirfarandi skilyrði gilda um heimildina sem veitt er í 1. mgr.:

- a) tilskildu upplýsingarnar skulu prentaðar eða stimplaðar óafmáanlega á umbúðirnar,
- b) útlit og litur letursins eða stimpilsins skal vera í samræmi við þá fyrirmynd að merkimiða sem notuð er í viðkomandi aðildarríki,
- c) að því er tilskildu upplýsingarnar varðar skulu a.m.k. þær upplýsingar sem krafist er í 3. lið og 3. lið a í a-lið I. liðar í A-hluta IV. viðauka við 66/401/EBE prentaðar eða stimplaðar á þegar sýni eru tekin skv. 2. mgr. 7. gr. framangreindrar tilskipunar og skulu opinberir aðilar annast prentunina eða stimplunina eða hún fara fram undir opinberu eftirliti,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 83, 20.3.2004, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2004, 24. september 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 10.3.2005, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 155, 16.6.1987, bls. 26.

⁽⁴⁾ Sjá I. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 207, 9.8.1980, bls. 37.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 64, 11.3.1981, bls. 13.

- d) í viðbót við tilskildu upplýsingarnar skulu allar umbúðir fá sérstakt raðnúmer sem opinberir aðilar úthluta þeim og skal fyrirtækið sem sér um umbúðamerkingar prenta eða stimpla það óafmáanlega á umbúðirnar; þetta fyrirtæki skal tilkynna vottunaryfirvaldinu um þann fjölda umbúða sem dreift er og raðnúmer þeirra,
- e) vottunaryfirvaldið skal halda skrá yfir magn fræs sem merkt er á þennan hátt, að meðtöldum númerum og innihaldi umbúða í hverri framleiðslulotu og raðnúmerunum sem um getur í d-lið,
- f) vottunaryfirvaldið verður að geta skoðað skrár framleiðenda.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni með hvaða skilyrðum þau notfæra sér heimildina sem veitt er í 1. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

Ákvörðun 87/309/EEB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðuninni sem tilvísanir í þessa ákvörðun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***Niðurfelld ákvörðun með breytingum**

Ákvörðun 87/309/EBE

(Stjtið. EB L 155, 16.6.1987, bls. 26)

Ákvörðun 88/493/EBE

(Stjtið. EB L 261, 21.9.1988, bls. 27)

Eingöngu 2. gr. ákvörðunar
97/125/EB

(Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 35)

*II. VIÐAUKI***Samsvörunartafla**

| Ákvörðun 87/309/EBE | Þessi ákvörðun |
|---------------------|----------------|
| 1. og 2. gr. | 1. og 2. gr. |
| — | 3. gr. |
| 3. gr. | 4. gr. |
| — | I. viðauki |
| — | II. viðauki |